



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Hugvísindasvið

Kuggur og leikskólabörnin

Bækur Sigrúnar Eldjárn um Kugg og gildi þeirra í leikskólastarfi

Ritgerð til B.A.-prófs

Bopit Kamjorn

Nóvember 2009

Háskóli Íslands
Hugvísindadeild
Íslenska fyrir erlenda stúdenta

Kuggur og leikskólabörnin

Bækur Sigrúnar Eldjárn um Kugg og gildi þeirra í leikskólastarfi

Ritgerð til B.A.-prófs

Bopit Kamjorn

Kt.: 180563-2379

Leiðbeinandi: Jón Karl Helgason

Nóvember 2009

Ágrip

Í þessari ritgerð fjalla ég aðallega um Kuggsbækur Sigrúnar Eldjárn og gildi þeirra í leikskólastarfi. Í leikskólum eru bækur mikið notaðar við kennslu og uppeldi barna. Þau hafa mikinn áhuga á að læra af bókum, sérstaklega ef þær innihalda stórar myndir með sterkum litum. Þau hafa gaman af því að skoða myndir bóka á meðan fullorðnir lesa fyrir þau. Hjá börnunum vakna margar spurningar vegna hluta sem þeim finnast spennandi eða skilja ekki.

Í fyrsta hluta fjalla ég um þróun barnabóka. Barnabækur eru fræðandi og hafa lengi verið notaðar við barnauppeldi. Í nútíma barnabókmenntum er fantasía áberandi. Bækur Sigrúnar Eldjárn eru í svipuðum flokki og sögur eftir Esóp, Tolkien og Rowling. Bækur þeirra eru spennandi, skemmtilegar og oft með siðferðilegan boðskap.

Í öðrum hluta fjalla ég um þróun myndskreytinga í íslenskum barnabókum frá 13. öld til dagsins í dag. Á Íslandi er fjöldi höfunda sem gefa út vel myndskreyttar barnabækur. Myndskreytingar eru mikilvægar í barnabókum því þær gefa yngri börnum möguleika á að skoða myndirnar og skilja sögurnar.

Í þriðja hluta fjalla ég um Sigrúnu Eldjárn, myndskreytingar í bókum hennar og hvernig bækurnar nýtast við uppeldi barna á leikskólum. Bækurnar hennar eru fræðandi og í þeim er fjallað um siðferði, menningu og náttúru, svo fátt eitt sé nefnt. Sigrún myndskreytir allar sínar bækur sjálf, myndirnar hennar eru mjög upplýsandi og lifandi.

Efnisyfirlit

Ágrip	2
Efnisyfirlit	2
Inngangur	3
1. hluti: Stiklur úr barnabókmenntasögu.....	5
Próun barnabókmennta	5
Próun íslenskra barnabóka	7
Staða Sigrúnar í bókmenntasögunni	10
2. hluti: Íslenskar myndabækur.....	12
Myndskreytingar íslenskum barnabókum.....	13
Staða Sigrúnar sem myndabókahöfundar	17
3. hluti: Bækurnar um Kugg	19
Vitsmunaforski.....	19
Kuggur	21
Málfríður	22
Mosi	23
Mamma Málfríðar	23
Barnabækur Sigrúnar í leikskólastarfi	24
Boðskapur og gildi Kuggsbókanna.....	25
Lokaorð.....	27
Viðauki.....	28
Heimildir	31

Inngangur

Á hverjum degi er ég með börnum. Þau eru allt að fimm ára gömul en ég er mest með tveggja til fjögurra ára börnum. Við leikum, tölum og vinnum saman. Okkur finnst mjög gaman í leikskólanum og þar er gott andrúmsloft alla daga. Þar sem ég vinn eru aðrir fullorðnir að vinna að uppeldi barna. Kjarninn í starfinu eru samskipti á milli fullorðinna og barna sem eru á vingjarnlegum nótum. Umhverfið í leikskólanum býður upp á ýmislegt til að hvetja til uppeldis barna. Börnin læra mest á því að fá tækifæri til að tjá sig og sýna tilfinningar. Ég styð og hvet börnin í öllu sem þau hafa áhuga á en ég hef sérstakt dálæti á bókum. Bækur eru uppeldistæki, sérstaklega myndirnar í barnabókum vegna þess að börnin eru ólæs og óskrifandi. Þær sýna börnunum öðruvísi aðstæður en þær sem þau eiga að venjast. Börnin læra hraðast og skynja best í gegnum þessar myndir. Margir barnabókahöfundar sækja sér efni úr þjóðsögum um galdra, drauga, huldufólk, tröll, gamansögur og fleira. Börnin sem kunna ekki að lesa verða hugsí, tortryggin og forvitin við lestur fullorðinna upp úr bókunum og á eftir koma margar spurningar um myndirnar. Ég hef séð börnin skoða myndir í bókum aftur og aftur án þess að fullorðnir lesi bækurnar fyrir þau. Þá eru þau róleg og sitja kyrr. Sum börn hlæja að myndunum. Ég hef dálæti á bókum sem börn skoða oft en það eru t.d. bækurnar um Kugg. Þær eru með í sterkum litum og fela í sér hreyfingu eins og þær séu lifandi. Bækurnar um Kugg eru eftir Sigrúnu Eldjárn. Höfuðpersónur í þessum bókum, auk Kuggs, eru Mosi, Málfríður og mamma hennar.

Sigrún Eldjárn fæddist 3. maí árið 1954 í Reykjavík. Faðir hennar var Kristján Eldjárn Þórarinsson. Hann var fornleifafræðingur en einnig forseti Íslands á árunum 1968 til 1980. Móðir hennar var Halldóra Ingólfssdóttir húsmóðir. Eldri bróðir Sigrúnar heitir Þórarinn Eldjárn og er skáld og rithöfundur en yngri bróðir hennar, Ingólfur Eldjárn, er tannlæknir. Sigrún og systkini hennar ólust upp á Þjóðminjasafninu í Reykjavík. Kristján, faðir hennar, vann sem þjóðminjavörður. Seinna, þegar hún var 14 ára, varð faðir hennar forseti Íslands og flutti fjölskyldan til Bessastaða.¹ Sigrún bjó þar í fimm ár. Árið 1974 lauk hún stúdentsprófi af formáladeild Menntaskólans í Reykjavík og árið 1977 útskrifaðist hún frá

¹ Sigrún Eldjárn, 2004:24.

grafískdeild Myndlistar- og handíðaskólans. Árið 1978 var hún gestanemandi Listaakademíurnar í Varsjá og Kraká í Póllandi. Þegar hún var tuttugu ára byrjaði hún að vinna með Þórarni bróður sínum að ljóðabókinni *Kvæði* sem kom út árið 1974. Orti hann ljóðin en hún gerði myndskreytingarnar. Sigrún hefur unnið áfram með Þórarni og myndskreytt líka margar bækur annarra höfunda. Síðar vildi hún vinna sjálfstætt og árið 1980 gaf hún út sitt fyrsta verk, bókina *Allt í plati*. Flestar bækur Sigrúnar eru fjörugar og spennandi og myndskreytingarnar eru eftir því. Fantasíur eru áberandi í sögunum, bæði í myndum og máli.² Skáldsögur Sigrúnar eru nú orðnar rúmlega fjörutíu, en samhlíða hefur hún starfað sem myndlistarmaður. Hún hefur haldið sýningar á verkum sínum á Norðurlöndunum, í Póllandi, Þýskalandi, Bandaríkjunum, Kóreu, Taívan og Japan. Sigrún hefur í þrígang fengið barnabókaverðlaun Reykjavíkurborgar. Hún hlaut menningarverðlaun IBBY á Íslandi árin 1999, 2006 og 2007. Hún hefur einnig verið tilnefnd til H.C Andersen-verðlaunanna og norrænu barnabókaverðlaunanna. Árið 2007 hlaut hún íslensku myndskreytingarverðlaunin Dimmalimm og árið 2008 riddarakross hinnar íslensku fálkaorðu fyrir framlag sitt til íslenskrar barnamenningar.³

Í þessari ritgerð fjalla ég ítarlega um bækur Sigrúnar Eldjárn um Kugg og varpa ljósi á hvernig þær megi nota í leikskólastarfi og við uppeldi barna. Sögurnar, og ekki síður myndirnar í bókunum, hafa mikil áhrif á börn og hvetja þau áfram á þroskabrautinni. Fyrst mun ég þó fjalla um feril Sigrúnar í tengslum við sögu barnabóka og leggja sérstaka áherslu á myndabækur.

² Margrét Tryggvadóttir, 2004:69–77.

³ Verðlaun og viðurkenningar Sigrúnar Eldjárn, 2009.

1. hluti: Stiklur úr barnabókmenntasögu

Þróun barnabókmennta

Barnabókmenntir eiga sér langa sögu en það er þó ekki fyrr en á síðustu öldum að þær koma fram sem sérstök bókmenntagrein. Fyrstu barnasögurnar voru sögur sagðar af fullorðnum sem börn hlustuðu á, einkum á kvöldin. Slíkar sögur voru uppáhald barna, s.s. dæmisögur og ævintýri. Í bók sinni um íslenskar barnabókmenntir gerir Silja Aðalsteinsdóttir vissan greinarmun á þessum tveimur sagnaflokkum:

Ævintýrin eru viðburðarík og skemmtileg. Dæmisögurnar eru það stundum líka, en þær eiga fyrst og fremst að vera uppbyggilegar og fræðandi. Strax í þessum fyrstu greinum bókmennta sem ætlaðar voru börnum, komu fram skilin milli skemmtunar og fræðslu, uppeldi í góðum siðum og hugmyndaflugs.⁴

Dæmisögur voru gefnar út handa börnum á 17. öld í Englandi og Frakklandi. Einn vinsælasti rithöfundur Frakka á þessu sviði hét La Fontaine (1621-1695), en hann endurskrifaði dæmisögur eftir Esóp. Eftir breytingar hans urðu þær vinsælar og voru þýddar á mörg tungumál.⁵ Sögurnar eftir Esóp eru upprunnar í Grikklandi. Esóp var þræll og var uppi á árunum 620–560 f. Kr. Ævintýri hans kenna fólki um siðferði og aðra hluti á skemmtilegan hátt. Aðalpersónur sagna hans eru dýr, t.d. kindur, asnar og úlfar. Sögur Esóp eru sagðar enn þann dag í dag.⁶ Í Frakklandi voru fyrst gefnar út ævintýrabækur handa börnum árið 1697.⁷ Árin 1704 og 1717 komu út tólf ævintýrabækur eftir Antoine Galland (1646-1715) á frönsku. Hann er fyrsti evrópski maðurinn sem þýddi ævintýrin í *Þúsund og einni nótt*, en þau voru skrifuð á arabísku og hafa síðar verið þýdd á flest Evrópumál. Þekktastar eru sögurnar „Aladdin“ og „Ali Baba“.⁸

Á 18. öld verða miklar breytingar á atvinnuháttum ríkja í Evrópu. Gamli starfshættir þróuðust í iðnað og verslun og siglingar urðu meira áberandi í efnahag þjóðanna. Borgirnar stækkuðu og aðallinn var við það að missa völd sín í hendur borgarastéttarinnar. Með upplýstara samfélagi jókst einstaklingsfrelsið og baráttan gegn hjátrú.⁹ Prentfrelsi þeirra sem skrifuðu bækur fyrir börn varð meira en áður

⁴ Silja Aðalsteinsdóttir, 1981:19.

⁵ Sama heimild:19.

⁶ Aesop, 2009.

⁷ Halldór Guðmundsson, 1983:315-316.

⁸ Antoine Galland, 2009.

⁹ Silja Aðalsteinsdóttir, 1981:20-21.

þekktist. Mikill áhugi var á barnabókum og þær fengu ákveðið hlutverk. Miðstéttarbörn þurftu ekki að vinna en þess í stað þurftu þau menntun.

Árið 1757 kom í fyrsta sinn út barnabók á Englandi, *Magazin des Enfants*, eftir franska rithöfundinn Mme de Beaumont (1711–1780). *Magazin des Enfants* er safnrit með sögum og ævintýrum. Bókin er uppbyggileg fyrir börn. Vinsælasta sagan í bókinni heitir „Fríða og dýrið“. Bókin var þýdd og stæld víða um Evrópu.¹⁰ Árin 1812–1816 komu Grimms-ævintýri út á þýsku.¹¹ Þau voru kennd við bræðurna Jacob Grimm (1785–1863) og Willhelm Grimm (1786–1859). Bræðurnir söfnuðu rúmlega tvö hundruð þjóðsögum og ævintýrum, t.d. „Mjallhvíti“, „Öskubusku“, „Hans og Grétu“, „Froskprinsessu“, „Rauðhettu og úlfinum“ o.fl. Seinna voru þjóðsögurnar og ævintýrin sem þeir söfnuðu þýdd yfir á mörg tungumál.¹²

Á 19. öld kom fram vinsæll breskur klassískur barnabókahöfundur sem hét Lewis Carroll (Charles Lutwidge Dodgson, 1832–1898). Bækur hans byggja á orðaleikjum, rökfræði og fantasíu eða ímyndunarafli. Sögur Lewis urðu vinsælar hjá börnum. Hann er frægastur fyrir söguna *Lísu í Undralandi* (1865).¹³ Annar vinsæll höfundur á 19. öld var hinn danski H.C. Andersen (Hans Christian Andersen, 1805–1876). Sögur hans eru rómantísk ævintýri. Þær vísa þó gjarnan til raunveruleikans og hafa oft sorglegan endi. Hann skrifaði „Litlu hafmeyjuna“, „Litlu stúlkuna með eldspýturnar“, „Litla ljóta andarungann“ o.fl. Sögur hans hafa verið þýddar á rúmlega hundrað og fimmtíu tungumál og verið gefnar út í milljónum eintaka um allan heim.¹⁴

J.R.R. Tolkien (John Ronald Reuel Tolkien, 1892–1973) var vinsæll breskur barnabókahöfundur sem skrifaði klassískar fantasíur.¹⁵ Hann skrifaði fyrst skáldsöguna *Hobbitann* (1937). Vinsælasta og þekktasta verk hans er *Hringadróttinssaga* (1954–1956). Norrænar þjóðsögur og goðsagnir höfðu áhrif á skáldskap hans en *Hringadróttinssaga* fjallar meðal annars um álfa og galdra.¹⁶

Ævintýrabækurnar um Harry Potter eftir J.K. Rowling (f. 1965 -) komu út fyrst á ensku og eru sjö alls, sú fyrsta var *Harry Potter og viskusteinninn* (1997) en sú síðasta *Harry Potter og dauðadjásnin* (2007). Sögurnar eru fantasíur og gífurlega vinsælar hjá

¹⁰ Sama heimild:25.

¹¹ Hallfreður Örn Eiríksson, 1983:315.

¹² Brothers Grimm, 2009.

¹³ Silja Aðalsteinsdóttir, 1981:27.

¹⁴ Hans Christian Andersen, 2009.

¹⁵ Halldór Guðmundsson, 1983:316.

¹⁶ J.R.R. Tolkien, 2009.

börnum og fullorðnum. Þær fjalla um galdradrenginn Harry Potter og ævintýri hans. Sögurnar eru skemmtilegar, yfirnáttúrulegar, spennandi og innihalda góðan boðskap.¹⁷

Sögur Sigrúnar Eldjárn mætti setja í flokk uppeldisrita, því líkt og sögur Esóps geta börn mikið lært af því að hlusta á og skoða bækurnar. Uppeldisgildi þeirra er með öðrum orðum mikið. Sögur Sigrúnar eru þó einnig ævintýri og sóma sér vel í flokki með bókum eftir Tolkien og Rowling. Sá munur er hins vegar á þessum höfundum að Sigrún skrifar fyrir töluvert yngri lesendahóp og því eru sögurnar hennar ekki eins flóknar og viðamiklar og hinna höfundanna.

Þróun íslenskra barnabóka

Barnaljóð er talin vera fyrsta íslenska barnabókin en hún var eftir séra Vigfús Jónsson. Hann skrifaði hana handa dóttur sinni árið 1739. Jón Eiríksson, sem var systursonur sr. Vigfúsar, skrifaði formálann og gaf bókina út í Kaupmannahöfn árið 1780. Vigfús orti um ævafornar uppeldisaðferðir og siðfræði í trúarlegum og barngóðum anda.¹⁸

Árið 1795 var fyrsta þýdda barnabókin gefin út á Íslandi undir titlinum *Sumargjöf*. Guðmundur Jónsson þýddi bókina úr dönsku en upprunalega var bókin gefin út á þýsku. Sagan er lýsing á stúlku sem heitir Þóra. Hún neitar að stunda kvenlegar iðnir og vill heldur lesa, skrifa og reikna. Þegar Þóra giftir sig verður líf hennar erfitt af því hún kann ekki að elda mat, þrjóna, sauma og spinna. Faðir hennar er mikilvægur í sögunni. Hann kennir barninu og leiðréttir það.¹⁹

Árið 1839 kom út *Jólagjöf* og 1841 *Nýársgjöf* eftir Jóhannes Halldórsson (1809–1843). Bækur hans eru unglingsbækur.²⁰ Árið 1847 kom út sagan „Grasaferð“ eftir Jónas Hallgrímsson (1807–1845) sem er stundum nefnd fyrsta íslenska smásagan. Sagan fjallar um stúlku og dreng. Sagan birtist í *Fjölni* eftir dauða Jónasar. Aðrar barnasögur Jónasar eru „Fífill og hunangsfluga“, „Stúlkan í turninum“ og „Leggur og skel“. Í *Íslenskum barnabókum* eftir Silju Aðalsteinsdóttur er „Grasaferð“ nefnd „fyrsta sálfræðilega unglingsagan á íslensku“.²¹

¹⁷ J.K. Rowling, 2009.

¹⁸ Silja Aðalsteinsdóttir, 1981:13, 39-40.

¹⁹ Sama heimild:40-42.

²⁰ Sama heimild:47-51.

²¹ Silja Aðalsteinsdóttir, 1981:53-54.

Torfhildur Þorsteinsdóttir Hólm (1845–1918) er fyrsta íslenska konan sem skrifaði barnabækur og að auki bækur fyrir fullorðna. Hún skrifaði þrjár barnabækur. Fyrst var það *Sögur og ævintýri* (1884), næst *Smásögur handa börnum og unglíngum* (1886) og loks *Barnasögur* (1890). Torfhildur gaf líka út barnablaðið *Tíbrá* sem kom út 1892–93. Sögur Torfhildar eru í dæmisöguformi og hafa siðferðilegan boðskap.²²

Jón Sveinsson (1857–1944) var fyrstur íslenskra höfundar til að skrifa barnabækur á erlendu máli. Hann skrifaði sex bækur byggðar á bernskuminningum sínum: *Nonni* (1922), *Borgin við Sundið* (1923), *Sólskinsdagur* (1924) *Nonni og Manni* (1925), *Ævintýri úr eyjum* (1927) og *Á Skipalóni* (1928).²³ Bækurnar segja frá lífi Nonna og systkina hans í æsku. Bækurnar lýsa á leikjum í sveit og bæ á Íslandi. „Sögur Nonna hafa mótað íslenskar barnasögur,“ segir Silja Aðalsteinsdóttir. Bækurnar eru um bernskuna, frelsi, tilfinningasemi og trú.²⁴ Þær komu fyrst út á dönsku og þýsku 1913–1922, síðar á íslensku 1923–1928.²⁵

Á fjórða áratugnum var kreppa á Íslandi en þá spruttu upp margir barnabókahöfundar og útgáfa á efni handa börnum jókst mjög. Höfundar sem mótuðust á þessum tíma fjölluðu aðallega um samtímann, samfélagslegar aðstæður og sálfræðilega þróun persóna. Stefán Jónsson (1905–1966) skrifaði *Hjaltabækurnar*, tólf skáldsögur handa börnum. Bækur hans komu út á árunum 1940–1957. Hann skrifaði proskasögur og lýsti persónueinkennum og átökum persóna við geðsveiflur.²⁶

Árið 1970 varð „skandínávíska bylgjan“ áberandi í íslenskum barnabókum. Bækur áttu að kynna börnum daglegt líf; borg í stað sveitar og hversdaginn í stað ævintýris. Bækurnar lýsa kunnuglegum heimi barna og skemmtilegum atvikum. Fulltrúar þessarar stefnu eru höfundar eins og Guðrún Helgadóttir (f. 1935), Njörður P. Njarðvík (f. 1936) og Olga Guðrún Árnadóttir (f. 1953). Guðrún Helgadóttir er vinsælust þessara höfunda. Barnabækurnar hennar ollu byltingu í íslenskum barnabókum, sérstaklega bókin *Jón Oddur og Jón Bjarni* (1974).²⁷

Árið 1980 kom út barnabókin *Allt í plati* eftir Sigrúnu Eldjárn (f. 1954) og var það, eins og áður sagði, fyrsta skáldsaga hennar. Sagan er raunsæ en þó fær

²² Sama heimild:59-61.

²³ Sama heimild:110-111.

²⁴ Silja Aðalsteinsdóttir, 1999:12-14.

²⁵ Silja Aðalsteinsdóttir, 1983:25.

²⁶ Silja Aðalsteinsdóttir, 1981:34-35, 158-169.

²⁷ Silja Aðalsteinsdóttir, 1999:19-25.

ímyndunaraflið að njóta sín.²⁸ Allar myndir í bókinni teiknaði hún sjálf. Bækur Sigrúnar falla vel að fantasíuhefð íslenskra bókmennta og jafnvel þótt bækur hennar megi flokka sem uppeldisrit, eins og minnst var á að ofan, þá er ímyndunaraflinu gefinn laus taumurinn og í bókunum hennar er allt mögulegt.

Silja Aðalsteinsdóttir segir fantasíur hafa vera áberandi í íslenskum barnabókum í byrjun tíunda áratugar síðustu aldar. Sérstaklega eru erlend áhrif greinileg úr bókum og bíómyndum. En um leið komu út bækur sem voru nýraunsæjar og heftu ímyndunaraflið. Klassísk efni mátti einnig finna í barnabókum á þessum tíma því að höfundar hafi sótt ýmsa texta í íslenskar þjóðsögur.

Frá árinu 2000 til dagsins í dag hafa fantasíur og ævintýri blómstrað. Höfundar byggja á textatengslum við goðsagnaheima, t.d. með vísunum í *Eddukvæði*. Sögurnar eru skemmtilegar, spennandi og innihalda gjarnan mikinn boðskap. Oft er lögð áhersla á myndir og samspil mynda og texta. Höfundar lýsa persónum í sögunum sem taka þátt í baráttu milli góðs og ills, t.d. í *Drekagaldri* (2004) eftir Elías Snæland Jónsson, *Sverðberanum* (2004) eftir Ragnheiði Gestsdóttur og *Ráninu* (2004) eftir Gunnhildi Hrólfsdóttur. Fantasíur eru tengdar íslenskum goðsögum, t.d. í *Frosnu tánunum* (2004) eftir Sigrúnu Eldjárn og í *Göldrur vísdomsbókarinnar* (2004) eftir Iðunni Steinsdóttur.²⁹

²⁸ Silja Aðalsteinsdóttir, 1986:280.

²⁹ Þuríður Jóhannsdóttir, 2005:77-78.

Staða Sigrúnar í bókmenntasögunni

Í *Íslenskum barnabókum* (1981) eftir Silju Aðalsteinsdóttur segir:

Barnabókmenntirnar fylgja sögu og þróun íslensks samfélags vel og fylla út í þá mynd sem við höfum af því annars staðar að. Raunar sýna þær vel ýmsar sveiflur í andlegu lífi þessarar þjóðar í tvær aldir. Barnabækur eru ekki samdar í tómarúmi frekar en aðrar bókmenntir og úr þeim má lesa pólitískar hugmyndir á tímatali höfundar, fyrst og fremst um stöðu barna og barnauppeldis en líka um önnur atriði, atvinnuhætti og þróun þeirra, stéttamun, stöðu kvenna, afstöðu til annarra þjóða og fleira.³⁰

Einnig kemur fram að bestu barnabókahöfundar hafi gert markvissar tilraunir til þess að greina íslenskt samfélag; bæði eins og það var og eins og það er á ritunartíma bókanna.³¹ Enda þótt verk Sigrúnar Eldjárn einkennist af fantasíu þá eru verk hennar í nánnum tengslum við íslenskan veruleika og þjóðlega hefð.

Fantasía er skáldskapur sem höfundur skapar eftir ímyndunarafli sínu. Hlutir, dýrin, maðurinn og umhverfið eru óvenjuleg. Gerendur eru yfirnáttúrulegir og frásagnir eru af göldrum, máttum og furðum. Persónurnar sagnanna óska þess að sigra andstæðinginn. Töfrar og yfirnáttúrulegir hlutir koma í staðinn fyrir raunveruleika náttúrunnar. Hægt er að skipta fantasíum í marga flokka; t.d. ævintýri, spennusögur, hetjusögur, draugasögur og vísindaskáldskap.³² Þegar ég skoðaði verk Sigrúnar Eldjárn sá ég að hún hefur skrifað afþreyingarsögur sem eru jafnframt spennusögur.

Í greininni „Að skrifa inn í aldagamla hefð“ eftir Önnu Heiðu Pálsdóttur segir að sögur Sigrúnar Eldjárn byggja á þjóðsögum og ævintýrum. Sögusviðið er mjög íslenskt, sögurnar gerast í hrauni, mosa, jöklum og hellum. Bækur hennar minna að þessu leyti á ævintýralegar sögur H.C. Andersen sem lýsti í og með Danmörku síns samtíma.³³ Sögurnar *Allt í plati* (1980) og *Eins og í sögu* (1981) byggja á þessari tengingu við þjóðsögur. Í sögunum eru sögupersónurnar, Halla og Eyvindur, þekktar úr þjóðsagnaheimi Íslands. Auk þess er í sögunni eilíf kona sem þekkti Brennu-Njál og Gunnar á Hlíðarenda. Sigrún skrifaði ennfremur barnabókina *Týndu augun* árið 2003 sem er ævintýrabók um galdra og undir áhrifum frá þjóðsögum.³⁴

Þær bækur Sigrúnar sem flokkast til vísindaskáldskapar eru *Teitur tímaflakkari*

³⁰ Silja Aðalsteinsdóttir, 1981:15.

³¹ Sama heimild:193.

³² Fantasy, 2009.

³³ Anna Heiða Pálsdóttir, 2005:42.

³⁴ Úlfhildur Dagsdóttir, 2009.

sem kom út árið 1998, *Teitur í heimi hulu dýranna* frá 1999 og *Geimeðlueggin* frá 2001 ásamt fleirum. Bækurnar *Kynlegur kvistur á grænni grein* frá 1997, *Drekastappan* frá 2000 og *Draugasúpan* frá 2002 eru nokkrar af þeim sögum hennar sem flokka má sem draugasögur.³⁵ Sögurnar um Höllu og Eyvind er einnig hægt að flokka sem fantasíur. Í þeim koma fram ýmisleg yfirnáttúruleg fyrirbæri og eru sum þeirra þekkt úr heimi fantasíurnar svo sem huliðshjálmur sem gerir notanda sinn ósýnilegan og steinn sem gefur eiganda sínum eilíft líf.

³⁵ Úlfhildur Dagsdóttir, 2009.

2. hluti: Íslenskar myndabækur

Frá lýsingum til myndskreytinga

Fyrir um 4500 árum hófu menn að nota skinn af kálfum, sauðkindum og geitum til bókagerðar. Það var kallað pergament. Frá því á 11. öld notuðu Íslendingar skinn við handritagerð og voru skinnin ýmist tekin af kindum eða kálfum.³⁶ Íslendingar studdust á miðöldum við lögbókina *Jónsbók* en hún er eitt af elstu myndskreytum handritunum.³⁷

Frá 13. öld og allt fram á 16. öld voru Íslendingar nokkuð vel menntaðir og vel að sér í listum. Þeir teiknuðu fallegar myndskreytingar í handritin. Jón Helgason lýsir því svo í bókinni *Handritaspjall*:

Tímabilið frá því um 1300 þangað til á öndverðri 15du öld má að því leyti kalla blómaskeið skinnbókanna því verða þær ekki aðeins margar, heldur einnig þykkar og miklar fyrirferðar. Það er ekki vafamál að þá hafa verið uppi auðmenn sem jafnframt voru menntavinir, eða að minnsta kosti höfðu þeir þann metnað að láta skrifa sér til handa bækur sem bæru vitni um rausn og myndarskap, en sjaldnast vitum sér hverjir þessir menn voru.³⁸

Sem dæmi um myndskreytt handrit frá þessum tíma má nefna Hauksbók, Kálfalækjarbók Njálu, Möðruvallabók, Króksfjarðarbók Sturlungu, Flateyjarbók, Svalbarðsbók, Skálholtsbók eldri og Skarðsbók.

Á 16. öld var pappír fluttur til Íslands. Jón Helgason segir: „Gissur biskup skrifar bréfabók sína á pappír kringum 1540 og þar á eftir.“³⁹ Um miðja 17. öld höfðu flestir lagt af ritun handrita á skinn nema Þorlákur biskup Skúlason sem skrifaði enn sögur á skinn. Skinn Þorláks eru því með þeim yngri sem varðveittust og eru enn til.

Árið 1584 hófst prentverk á Íslandi með prentun Guðbrands Þorlákssonar biskups (1541-1627) á Hólum. Hann varð fyrstur til að prenta og gefa út *Biblíu* á Íslandi árið 1584.⁴⁰ Í *Ferðabók* Eggerts Ólafssonar og Bjarnar Pálssonar segir um Brynjólf: „Hann dró sjálfur upp myndir og upphafsstafi þá, sem eru í fyrstu bók útgáfu Biblíunnar, og skar eining mótin að þeim í tré.“⁴¹ Árið 1685 fluttist prentverkið frá Hólum til Skálholts og út komu myndskreyttar fornritaútgáfur Þórðar biskups

³⁶ Handverkið, 2001.

³⁷ Halldór Hermannsson, 1966:1.

³⁸ Jón Helgason, 1958:12-13.

³⁹ Jón Helgason, 1958:13.

⁴⁰ Halldór Hermannsson, 1966:1-3.

⁴¹ Eggert Ólafsson og Bjarni Pálsson, 1943:309.

Þorlákssonar. Myndirnar voru tréskurðarmyndir og er talið að þær hafi verið gerðar hér á landi.⁴² Á 16. öld er talið að saga íslenskrar grafklistar á Íslandi hafi hafist. Ástæðan er stofnun Hólaútgáfu og þar voru gefnar út gríðarmargar bækur. Í þeim voru upphafsstafir prentaðir og jafnvel smámyndir.⁴³

Myndskreytingar íslenskum barnabókum

Í *Íslenskum barnabókum* eftir Silju Aðalsteinsdóttur segir að á Íslandi hafi fátækt löngum ríkt í myndskreyttum barnabókum. Ástæðan séu sú að það kosti mikið að gefa út bækur með myndum.⁴⁴ Fyrsta íslenska myndskreytta barnabókin var eftir Egil Jónsson sem gaf út *Myndabók handa börnum* í Kaupmannahöfn í tveimur heftum árin 1853 og 1854.⁴⁵ Seinna voru Nonnabækurnar gefnar út á erlendum tungumálum og myndskreyttar af erlendum listamönnum.⁴⁶ Listamaðurinn Jóhannes Sveinsson Kjarval teiknaði myndir í bókina *Engilbörnin* (1910) sem voru ævintýri eftir Sigurbjörn Sveinsson.⁴⁷ Í kjölfar hans hafa margir aðrir virtir íslenskir myndlistarmenn fylgt og unnið að gerð barnabóka.

Guðmundur Thorsteinsson (1891–1924), eða Muggur, lærði málaralist í Danmörku. Fyrsta útgefna myndskreyting hans handa börnum var í bókinni *Tíu litlir negrastrákar* (1922). Textinn er Gunnars Egilssonar sem orti vísurnar um negrastrákana í Bandaríkjunum. Silja Aðalsteinsdóttir telur það hafa verið erfitt að sýna yngstu börnunum myndirnar þar sem persónurnar á myndunum séu svartar og fram hafi komið margar spurningar hjá börnum. Börnin höfðu tilfinningu fyrir kynþáttafordómum.⁴⁸ Seinna skreytti Muggur og samdi texta sjálfur í bækur sínar. Muggur var fyrsti íslenski myndabókahöfundurinn. Frægasta og vinsælasta saga hans er ævintýrið *Sagan af Dimmalimm*. Dimmalimm var gælunafn á lítilli frænku höfundarins og hann færði stúlkunni bókina að gjöf 1921. Myndirnar eru fallegar vatnslitamyndir og klassískar. Bókin segir söguna af Dimmalimm og kom fyrst út árið

⁴² Steindór Steindórsson, 1964:400.

⁴³ Aðalsteinn Ingólfsson, 1979:1.

⁴⁴ Silja Aðalsteinsdóttir, 1981:230.

⁴⁵ Steindór Steindórsson, 1965:15.

⁴⁶ Silja Aðalsteinsdóttir, 1981: 230.

⁴⁷ Steindór Steindórsson, 1965:17.

⁴⁸ Silja Aðalsteinsdóttir, 1981:232.

1942 en Muggur lést árið 1924. Samspil er milli stuttra textabrota og mynda.⁴⁹ Í Dimmalimm notar Muggur mjúkar og fallegar myndir sem sýna góð samskipti manna og dýra.

Árið 1932 kom út vinsæla mynda- og barnabókin *Jólin koma*. Hún inniheldur kvæði handa börnum. Myndir eru eftir Tryggva Magnússon (1900–1960) og textinn er Jóhannesar úr Kötlum (1899–1972). Myndskreytingarnar eru einfaldar og fallegar. Kvæðin fjalla meðal annars um tröllkonuna Grýlu sem börn eru hrædd við. Hún átti þrettán börn með Leppalúða. Þegar jólin koma fara börnin þeirra þrettán, jólasveinarnir, frá móður sinni í fjöllum og koma til byggða. Jólasveinarnir eru íslenskar þjóðsagnapersónur.⁵⁰

Nína Tryggvadóttir (1913–1968) nam málalæsi á Íslandi. Seinna fór hún í listnámi til Kaupmannahafnar, París og New York. Fyrsta myndskreyting Nínu var í barnabókinni *Tindátarnir* (1943) með texta eftir Stein Steinarr. Þremur árum seinna fór hún sjálf að semja texta og myndskreyta. Árið 1943–49 sendi Nína frá sér sex bækur, meðal annars *Sagan af svörtu gimbur og Skjóna* (1946), *Kerling vill hafa nokkuð fyrir snúð sinn* (1946), *Kötturinn sem hvarf* (1947) og *Fljúgandi fiskisaga* (1948).⁵¹ Barnabækur hennar eru vinsælar meðal barna. Stíll teikninga hennar er „einstaklega vandvirkur og skemmtilegur“ segir Silja Aðalsteinsdóttir.⁵²

Halldór Pétursson (1916–1977) var listamaður og skopmyndateiknari. Hann lauk prófi í auglýsingateiknun í Kaupmannahöfn. Hann vann að gerð barnabóka með öðrum höfundum. Sérstaklega má nefna myndabók handa yngstu lesendunum, *Helgi skoðar heiminn* (1976) en texta gerði Njörður P. Njarðvík. Í bókinni er lýst ævintýrum litla stráksins Helga, sem kemst að því: „að hann á ekki heiminn einn. Heimurinn er fullur af lífi. Dýrin eiga heiminn alveg eins og hann, og þeim ber að sýna tillitssemi og vináttu.“⁵³ Silja Aðalsteinsdóttir segir að myndskreytingar Halldórs Péturssonar í bókinni séu fallegar, vel gerðar og skemmtilegar.⁵⁴

Gylfi Gíslason (1940–2006) var teiknari, myndlistarmaður, fjölmiðlamaður, leikmyndahönnuður og trésmiður. Gylfi vann margar myndskreyttar barnabækur, t.d. þjóðsögurnar *Sagan af Gýpu* og *Sálin hans Jóns míns*. Sérstaklega skemmtileg

⁴⁹ Margrét Tryggvadóttir, 1999:40.

⁵⁰ Halldór Hermannsson, 1966:16.

⁵¹ Margrét Tryggvadóttir, 1999:40.

⁵² Silja Aðalsteinsdóttir, 1981:233.

⁵³ Njörður P. Njarðvík, 1976:26.

⁵⁴ Silja Aðalsteinsdóttir, 1986:280.

barnabók og klassísk er bókin *Alli Nalli og tunglið* sem er með texta eftir Vilborgu Dagbjartsdóttur.⁵⁵ *Alli Nalli og tunglið* kom reyndar fyrst út 1959 með myndskreytingu Sigríðar Björnsdóttur. Árið 1965 kom sagan svo út í myndskreytingu Friðriku Geirsdóttur. Síðan kom út árið 1976 þriðja útgáfa sögunnar í myndskreytingu Gylfa.⁵⁶ Í myndskreytingu sinni í bókinni notar Gylfi Gíslason náttúruna og tunglið til að koma boðskap Vilbogar á framfæri. Tunglið stækkar þegar Nalli borðar ekki grautinn sinn, en þegar Nalli borðaði grautinn minnkar tunglið. Nalli stækkar aftur á móti og er í góðu skapi eins og tunglið þegar það er fullt.⁵⁷

Brian Pilkington (f. 1950) er enskur listamaður með íslenskan ríkisborgararétt. Brian myndskreytir og semur barnabækur. Hann hefur sótt efni í íslenskar þjóðsögur og er sérstaklega undir áhrifum frá tröllasögum.⁵⁸ Fyrsta myndskreytta barnabókin hans er *Ástarsaga úr fjöllunum* (1981) með texta eftir Guðrúnu Helgadóttur. Brian hefur fengið viðurkenningu fyrir myndir sínar og nú orðið eru þær samtvinnaðar hugmyndunum um íslenskar þjóðsögur og tröll.⁵⁹

Áslaug Jónsdóttir (f. 1963) lauk prófi í teikningu og grafík í Kaupmannahöfn. Hún er listamaður og barnabókahöfundur. Fyrstu myndskreytingar hennar voru í bókinni *Gullfjöðrin* eftir hana sjálfa (1990). Hún hefur einnig myndskreytt þrjár barnasögur um samskipti tveggja skrímsla; sú fyrsta er *Nei! sagði litla skrímslið* (2004), framhaldið *Stór skrímsli gráta ekki* (2006) og *Skrímsli í myrkrinu* (2007) en texti er eftir Kalle Güettler og Rakel Helmsdal. Bækurnar þrjár um *Skrímslin* og eru góðar dæmisögur sem lýsa vináttu og kurteisi. Myndirnar eru ýmist veikar og til skrauts eða mjög áhrifaríkar.⁶⁰ Árið 2008 hélt Áslaug Jónsdóttir áfram og gaf út bókina *Skrímslapest*. Hún er framhald af bókinni *Skrímsli í myrkrinu*.

Halldór Baldursson (f. 1965) útskrifaðist frá grafíkdeild M.H.Í 1989. Hann er þekktur fyrir pólitískar skopmyndir í dagblöðum og tímaritum. Hann er höfundur mynda í fjölmörgum barnabókum. Frægar myndskreytingar hans eru til dæmis í bókunum *Sögurnar af Evu Klöru* (2003) eftir Heiði Baldursdóttur, *Djúpríkið* (2004) eftir Bubba Morthens og Robert Jackson, *Dýr* (2005) eftir Tove Appelgren, og *Fíusól er flottust* (2008) eftir Kristínu Helgu Gunnarsdóttur. Hann hlaut íslensku

⁵⁵ Margrét Tryggvadóttir, 1999:49.

⁵⁶ Silja Aðalsteinsdóttir, 1981:137.

⁵⁷ Vilborg Dagbjartsdóttir, 1976.

⁵⁸ Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir, 2005:67.

⁵⁹ Silja Aðalsteinsdóttir, 1986:281.

⁶⁰ Úlfhildur Dagsdóttir, 2008:18-19.

barnabókaverðlaunin fyrir myndskreytingu í bókinni *Sagan af undurfögru prinsessunni og hugrakka prinsinum hennar* með texta eftir Margréti Tryggvadóttur.⁶¹ Halldór teiknaði snilldarlega *Drekann sem varð bálreiður* (2007) í bók Margrétar Tryggvadóttur.⁶²

Björk Bjarkadóttir (f. 1971) er listamaður sem fór utan til náms og lauk prófi í grafískri hönnun og myndskreytingu með hönnun í París. Hún er höfundur barnabóka og myndskreytir. Aðalpersónurnar í sögum hennar hvetja lesendur til að nota ímyndunaraflið.⁶³ Úlfhildur Dagsdóttir segir: „Bækur hennar eru nær bókum Áslaugar Jónsdóttur og Sigrúnar Eldjárn.“⁶⁴ Bókin *Amma fer í sumarfrí* kom út árið 2006. Myndirnar og aðalpersónurnar í sögunni er skemmtilegar og glaðlegar og líkjast persónum í sögum *Sigrúnar*. Fleiri bækur hennar eru *Leyndarmálið hennar ömmu* (2003), *Mamma er best* (2005) og *Elsku besti pabbi* (2008).

⁶¹ Halldór Baldursson, 2009.

⁶² Úlfhildur Dagsdóttir, 2008:23.

⁶³ Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir, 2005:68.

⁶⁴ Úlfhildur Dagsdóttir, 2008:29.

Staða Sigrúnar sem myndabókahöfundar

Börnin læra snemma af bókum. Þær kveikja hjá þeim forvitni og skilning. Þess vegna er freistandi að nota bækur sem skemmtiefni en jafnframt til að kenna börnum góða siði og rétta hegðun.⁶⁵ Margrét Tryggvadóttir segir í grein sinni, „Setið í kjöltunni. Um myndir í barnabókum handa yngstu börnunum“ að skipta megi myndskreyttum bókum í fjóra meginflokka:

1. Bendibækur eru fyrir yngstu börnin. Þær eru án söguþráðar og stundum einnig án orða.
2. Myndabækur sem segja sögu, með eða án texta.
3. Ríkulega myndskreyttur texti, sem kemst illa eða ekki af án mynda.
4. Myndskreyttar sögubækur. Í þessum flokki hefur textinn yfirhöndina. Myndirnar nægja ekki einar sér til að segja sögu. Textinn þarf þó ekki að vera langur.⁶⁶

Bækur Sigrúnar Eldjárn flokkast að mínu mati í flokka þrjú eða fjögur, eftir atvikum. Í sumum tilvikum má líka segja að bækurnar hennar falla milli þessara flokka. Í þessari umfjöllun er vert að taka fram að Sigrún Eldjárn er ekki einungis rithöfundur heldur einnig myndlistamaður, líkt og Kjarval, Muggur, Nína og Gylfi. Myndirnar í bókum Sigrúnar eru oftast lifandi skopmyndir. Sumar mynda hennar eru þó alvarlegar en Sigrún notar mjúka liti til að lífga upp á þær. Hún forðast að nota svartan lit nema í frásögnum af draugum, eins og í sögunni *Kuggur 8 – Draugagangur* sem kom út árið 2008.⁶⁷ Í viðtali sem ég tók við Sigrúnu sagði hún það ekki hafa verið meðvitaða ákvörðun sína frá upphafi að skreyta barnabækurnar sínar, það hafi bara gerst.

Rithöfundar eins og Sigrún viðhalda íslenskum þjóðsögum með því að nota þær í sögum sínum og þróa áfram. Hún blandar þjóðsögum saman við nútímann og gerir þær aðgengilegri fyrir nútímafólk. Þessi stíll hennar hefur hlotið mjög góðar undirtektir lesenda, einkum barna. Skýrasta dæmið er að mínu mati að finna í bókunum sem fjalla um Höllu og Eyvind. Þau voru þekktir útlagar en söguviðið sem Sigrún velur er holræsi höfuðborgarinnar þar sem margt undarlegt á sér stað. Þannig tekst henni að fá yngri lesendur til að skynja útskúfun þeirra en á sama tíma er hún að gjörbreyta upphaflegu sögunni.

Notkun Sigrúnar á hugvitssamlegum vísunum gerir Sigrúnu að einstökum

⁶⁵ Silja Aðalsteinsdóttir, 1999:80.

⁶⁶ Margrét Tryggvadóttir, 1999:101.

⁶⁷ Sigrún Eldjárn, 2008b.

myndbókahöfundu. Hún myndskreytir barnabækur sínar fyrir börnin en inni í textanum felur hún ýmsar vísanir, eins og um Höllu og Eyvind, sem ekki breyta flæði sögunnar þótt börnin kannist ekki við þjóðsagnarpersónurnar en gera sögurnar mun áhugaverðari fyrir fullorðna fólkið sem les þær. Hún tvinnar þannig saman hæfileika sína sem rithöfundur og myndlistamaður.⁶⁸

⁶⁸ Margrét Tryggvadóttir, 2004:71-72.

3. hluti: Bækurnar um Kugg

Vitsmunaforski

Áður en vikið verður að bókunum um Kugg og notagildi þeirra í leikskólastarfi tel ég nauðsynlegt að víkja í umfjölluninni að kenningu Piaget um vitsmunaforska (theory of cognitive development). Jean Piaget (1890–1980) var svissneskur sálfræðingur og sagði að vitsmunir fólks gætu breyst eftir skilyrðum þess umhverfis sem það eru í. Gáfur barna koma frá uppruna þeirra og þau byggja þekkingu á umhverfi sínu, umhverfisforska. Piaget taldi barnið taka virkan þátt í þroska sínum, og jafnframt að vitsmunafróun barna komi alltaf í sömu röð. Þróun vitsmuna barna er að hans mati í fjórum stigum. Fyrsti er skynhreyfistig (0-2 ára), annað er foraðgerðastig (2-7 ára), þriðja er hlutlæg rökhugsun (7-11 ára) og fjórða er formleg rökhugsun (11 -15 ára).⁶⁹ Ég mun aðeins ræða fyrstu tvö stigin enda miðast þau við leikskólaaldur.

1. Skynhreyfistig (0–2 ára)

Eftir fæðingu læra börn að samhæfa skynjun og hreyfingu. Þau læra að þekkja umhverfi sitt.⁷⁰ Börn á aldrinum eins til tveggja ára geta sagt eitt og eitt orð en ráða ekki við setningar. Þau læra með því að skynja umhverfi sitt á leikskólanum og heima hjá sér. Þau eru dugleg að hreyfa sig. Þau læra einnig með því að skoða nálæga hluti. Mín reynsla er hins vegar sú að þau geta ekki skilið myndir í bókum.

2. Foraðgerðastig (2–7 ára)

Foraðgerðastigið skiptist í tvö þrep, forhugtakaþrep og innsæishugsun. Fyrri þrepið er þegar barnið er á aldrinum tveggja til fjögurra en seinna þrepið þegar aldurinn er fjögurra til sjö ára. Börnin byrja að beita ímyndunaraflinu en án rökhugsunar. Þau eru snillingar í að finna upp orð og þeim fer hratt fram í tali. Þau byrja að muna eftir hlutum og nöfnum en eiga erfiðara með að skilja tölur og að reikna. Í upphafi foraðgerðarstigsins er vitsmunalíf barna aðallega fólgið í skynhreyfiathöfnum en í lok stigsins byggist vitsmunalífið á hugmyndum og hugtökum sem tjá raunveruleikann.⁷¹

⁶⁹ Jean Piaget, 2009.

⁷⁰ Sigurjón Björnsson, 1989:27.

⁷¹ Sigurjón Björnsson, 1989:47.

Samkvæmt minni reynslu eru börn á aldrinum tveggja til þriggja ára dugleg að læra og þeim finnst gaman að skoða bækur aftur og aftur. Tveggja ára börnum líst vel á myndskreytingar í bókum, sérstaklega með litum. Þau geta skoðað myndir í bókum og sagt frá því sem þau sjá. Ef þau hlusta nokkrum sinnum á sömu söguna geta þau svarað spurningum úr henni. Þau geta lært tvo til þrjá liti og tölur frá einum upp í tíu. Þau muna eftir atburðum.

Börn á aldrinum þriggja til fjögurra ára læra að herma eftir bókum og fullorðnum. Fjögurra ára börn geta lært meira en fjóra liti. Þau geta talið upp í rúmlega þrjátíu en kunna ekki að reikna. Þriggja til fjögurra ára geta þau metið hvort hlutur sé stór, lítill, stuttur eða léttur. Þegar þau hafa heyrt sögu einu sinni geta þau svarað spurningum úr sögunni. Þau geta áttað sig á einföldum formum í umhverfi sínu. Þau eru forvitin og spyrja fullorðna að öllu því sem vekur áhuga þeirra. Þau geta sagt frá andstæðum og hliðstæðum hlutum en eiga erfitt með að skilja reglur og reikna.

Samkvæmt minni reynslu geta börn á aldrinum fimm til sex ára talað og sagt frá öllu í sögum sem lesnar eru fyrir þau. Þau geta lýst atburðum og persónum í sögunni í rétttri röð. Þau hafa frjótt ímyndunarafli og geta sagt frá því sem þau ímynda sér út frá bókum. Þau geta stafað nafnið sitt og þekkja litina í bókunum. Þau þekkja form eins og kringlótt, þríhyrnt og ferhyrnt. Þau geta lýst hvernig hlutir líta út, til dæmis hús og bíll. Þau eru góð með tölur frá einum upp í hundrað. Þau geta jafnframt hermt eftir því sem þau sjá í bókum og því sem fullorðnir lesa fyrir þau. Börnin byrja á þessum aldri að stríða öðrum börnum. Þau geta hugsað sjálfstætt en eiga erfitt með að fylgja reglum og reikna. Margt í bókum Sigrúnar hefur mikið uppeldisgildi fyrir börn á þessum aldri.

Sögur af Kuggi eru að mínu mati þjóðsöguleg ævintýri. Sögurnar um *Kugg* voru upphaflega níu talsins:

1. *Kuggur og fleiri fyrirbæri* frá 1987 (sagan var endurbætt árið 2004 í þremur bókum: *Kuggur 1 — Nýir vinir*, *Kuggur 2 — Í sveitinni* og *Kuggur 4 — Prinsinn og drekinn*. Textinn er sá sami og í fyrri útgáfunni en búið er að bæta við myndum).
2. *Kuggur til sjávar og sveita* frá 1988 (sagan var endurbætt síðar í þremur bókum: *Kuggur 3 — Geimferð* frá 2004, *Kuggur 9 — Blómkál* frá 2009 og *Kuggur 10 — Útilega* frá 2009. Textinn er sá sami og í fyrri útgáfunni en búið er að bæta við myndum).

3. *Kuggur, Mosi og mæðgurnar* frá 1989.
4. *Skordýraþjónusta Málfríðar* frá 1995.
5. *Málfríður og tölvuskrímslið* frá 1998.
6. *Kuggur 5 – Þorablót* frá 2005.
7. *Kuggur 6 – Jólaleg jól* frá 2005.
8. *Kuggur 7 – Gleðilegt sumar!* frá 2008.
9. *Kuggur 8 – Draugagangur* frá 2008.

Höfuðpersónur bókana eru fjórar talsins, Kuggur, Málfríður, mamma Málfríðar og Mosi, og mun ég nú fjalla stuttlega um hverja þeirra.

Kuggur

Kuggur er hjálpsamur drengur með gleraugu. Hann er glaður snillingur en hann þarf að læra að leika sér eins og önnur börn. Kuggur er forvitinn og reynir að læra af öllum. Hann er góður í samskiptum við aðra krakka og mæðgurnar. Hann er íslenskt nútímabarn sem kann á tölvu og internet. Kuggur er þó ólíkur Málfríði sem er tæknisinnuð og góð að smíða. Hann er hins vegar saklaus, góður og hjálpsamur, eins og Mosi. Hann er jákvæður og hugsar hlýtt til annarra, hann skynjar hvað er gott og hvað er vont. Þegar Kuggur sér mömmu Málfríðar taka ask af Þjóðminjasafninu verður hann áhyggjufullur og ósáttur því að honum finnst það ekki rétt.⁷² Kuggur er með gult hár. Gulur er bjartur litur sem táknar hress- og glaðleika.

Sigrún Eldjárn skapaði veruleika Kuggs og með persónu hans sendir hún lesendum skilaboð um þarfir barna. Hún lýsir barnæsku Kuggs og hvernig hann þarf að leika sér, hreyfa sig, borða, læra, tala og að hlusta á aðra. Til þess að geta gert þessa hluti þarf Kuggur að eiga vini.⁷³ Vinir Kuggs eru Mosi, Málfríður og mamma hennar. Kuggur er byrjaður að læra og nýtur reynslu Mosa sem getur gert yfirmáttúrulega hluti. Málfríður er óvenjuleg, Kuggi finnst hún vera gömul skrítin kona en mjög skemmtileg. Kuggur er ánægður með vini sína. Sigrún lýsir vináttu án aldurs eða kyns, með hlýju og skemmtilegu andrúmslofti. Sigrún fjallar einnig um skólagöngu Kuggs og hvernig Kuggur lærir af mæðgunum og fær þar með reynslu sem aðrir krakkar fá ekki. Mæðgurnar veita honum leiðsögn og sýna honum muninn á góðu og illu.

⁷² Sigrún Eldjárn, 1989:18.

⁷³ Sigrún Eldjárn, 2004a.

Málfríður

Sigrún skapaði Málfríði sem tákn allra kvenna, jafnvíga karlmönnunum í flestu. Sem dæmi um það getur hún unnið eins og karlmaður, t.d. þegar kemur að tæknilegum lausnum, smíðum, vísindum, prentun og fleiru sem er tengt tækjabúnaði. Þetta er kannski eðlilegt í dag en var það ekki áður fyrr. Málfríður er alltaf með skotthúfu. Hún er eins og kennari sem hvetur börn og fær þau til að hafa áhuga á menningu, náttúru, tækni, vináttu og hjálpsemi. Málfríður býr ennfremur til jólagjafir handa börnum og varpar ljósi á íslenska jólasíði.⁷⁴

Málfríður er með ljóst hár, hún er skríttin og alveg hrikalega skemmtileg. Hún er tæknifræðingur og býr meðal annars til fjölbúnaðartæki sem hjálpar bændum að slá gras, snúa, raka og hirða heyið. Málfríður mjólkar einnig kýrnar, gefur grísunum og hænsnunum ásamt því að skrifa í *Búnaðarblaðið*.⁷⁵ Þegar Málfríður sér eitthvað sem er ekki rétt, t.d. óþekka krakka að stríða, sættir hún sig ekki við það. Hún notar í einni bókinni snjóryksugu til að verjast óþekktum krökkum.⁷⁶ Bókin *Kuggur til sjávar og sveita* lýsir Málfríði sem atgervislausu konu þegar húfan hennar dettur í fuglabjargið verður hún orðlaus, sorgmædd og grætur. En kríurnar koma fljúgandi með skotthúfuna og sleppa henni á jörðinni og bjarga þar með sál hennar.⁷⁷

Í bókinni *Kuggur 5 — Þorablót* er Málfríður auglýsingahöfundur og vekur áhuga þjóðarinnar á íslenskum mat. Málfríður kann að búa til þorramat og hún býður börnunum að borða. Bókin fjallar um þorramat eins og svið, súrmat, hákarl og harðfisk.⁷⁸

Málfríði er venjulega lýst á mjög jákvæðan hátt en í bókinni *Skordýraþjónusta Málfríðar* sýnir Sigrún Eldjárn sérstaka hlið á Málfríði. Hún stofnar skordýraþjónustu sem selur skordýr til ýmissa nota sem er í samræmi við uppátækjasemi hennar í öðrum sögum Sigrúnar. En í sögunni verður hún reið og beitir skordýrunum gegn fólki og lætur þau fremja illvirki, hún opnar til að mynda geitungabú til þess að þeir stingi fólk.⁷⁹

⁷⁴ Sigrún Eldjárn, 2005b.

⁷⁵ Sigrún Eldjárn, 2004b.

⁷⁶ Sigrún Eldjárn, 1987:28.

⁷⁷ Sigrún Eldjárn, 2009b.

⁷⁸ Sigrún Eldjárn, 2005a.

⁷⁹ Sigrún Eldjárn, 1995.

Mosi

Mosi er lítið kríli með stór augu sem býr í mosapembum. Hann er glaðlyndur og hrekkjóttur en ekki illgjarn. Hann getur orðið gífurlega sterkur ef þörf krefur og „étur allt sem að kjafti kemur“.⁸⁰ Kuggi finnst Mosi vera stórkostlegur, sætur og nautsterkur, algjör hetja.

Það kemur svo í ljós í bókinni *Kuggur til sjávar og sveita (Kuggur 3 - Geimferð)* að Mosi er máttugur álfur. Í sögunni er geimfar sem getur ekki snúið heim af því það gleymdist að taka flugelda með í ferðina.⁸¹ Mosi lyftir geimfarinu upp og flýgur því af stað. Þannig komast Kuggur, Mosi, Málfríður og mamma hennar heim aftur. Mosi er hetja og bjargar vinum sínum oft. Yfirnáttúrulegir kraftar hans koma oftast í ljós, m.a. þegar hann lyftir húsi.⁸² Mosi getur líka synt og lyft kafbáti í sjónum.⁸³ Í bókinni *Kuggur, Mosi og mæðgurnar* dettur Málfríður í tjörnina og þá kemur Mosi og lyftir henni upp á land. Mosi hjálpar líka mömmu Málfríðar að taka askinn af Þjóðminjasafninu. Mosi reynir að forðast öryggisverðina og skýst út um gat á veggnum með askinn í fanginu.⁸⁴ Mosi hjálpar einnig lögreglunni að góma tvo bankaræningja.⁸⁵

Kuggur segir að Mosi sé álfur en hann er líka eins og dýr. Mosi hagar sér eins og maður en hann er mállaus. Hann getur hins vegar haft boðskipti við dýr. Í bókinni *Kuggur og fleiri fyrirbæri* segir frá því þegar Kuggur, Mosi, Málfríður og mamma hennar hjálpa prinsessu sem var fangi í kastala ógurlegs eldspúandi dreka. Kuggur og Mosi skipuleggja björgunina.⁸⁶ Mosi stekkur þá fram og til baka milli síkisins og kastalaveggsins með drekan á hælunum. Í lokin verða drekin og Mosi engu að síður vinir.

Mamma Málfríðar

Mamma Málfríðar er aldrei nefnd með nafni í sögunum um Kugg. Hún er mjög skemmtileg og uppátækjasöm kona en svolítið skrytín. Hún hefur mjög gaman af því að leika sér og vill alltaf taka þátt í þeim leikjum sem Kuggur, Mosi og Málfríður

⁸⁰ Sigrún Eldjárn, 2004a.

⁸¹ Sigrún Eldjárn, 2004c.

⁸² Sigrún Eldjárn, 2009a.

⁸³ Sigrún Eldjárn, 1988:28.

⁸⁴ Sigrún Eldjárn, 1989:20.

⁸⁵ Sigrún Eldjárn, 1989:25-28.

⁸⁶ Sigrún Eldjárn, 2004d.

leika. Í sögunni *Kuggur og fleiri fyrirbæri* verður mamma Málfríðar pirruð af því henni fannst sitt hlutverk, í snjóboltakasti, vera of lítið. Hún er lík dóttur sinni en þær eru báðar duglegar og hjálpsamar. Hún er góð að elda en þolir ekki þorramat. Hún hefur mikið dálæti á gömlum hlutum og endurnýtir þá gjarnan. Hún virðist alltaf finna einhver not fyrir alla hluti. Hún kann til dæmis að nota kindabein fyrir skauta eins og fólk gerði í gamla daga.⁸⁷ Ólíkt mörgu eldra fólki er hún góð á tölvu og sérstaklega að teikna myndir.⁸⁸ Hún spilar einnig á hljóðfærið túbu.⁸⁹

Persóna mömmu Málfríðar kennir lesandanum ýmislegt, stundum kennir hún þeim fullorðnu meira en hún kennir börnunum. Hún sýnir að foreldrar geta alltaf verið vinir barna sinna án þess að gleyma því að þau séu foreldrar og gegna uppeldishlutverki. Í bókinni *Kuggur 9 – Blómkál* er mjög eftirminnilegur partur þegar hún kallar dóttur sína „eldgamalt barn“ og vísar í það að þótt dóttir hennar sé fullorðin verður hún alltaf barn í sínum augum.⁹⁰

Barnabækur Sigrúnar í leikskólastarfi

Vegna þessarar ritgerðar kynnti ég börnin á leikskólanum mínum fyrir bókunum um Kugg. Bækurnar vöktu mikinn áhuga hjá börnunum. Ég las textann fyrir þau og þau hlustuðu og skoðuðu myndirnar. Þau hafa mikið hugmyndaflug og gátu ímyndað sér það sem var að gerast. Þau spurðu spurninga og sögðu frá. Svo ræddum við um bókina og ég fór varlega til þess að leiðrétta þau ekki of mikið eða dæma hvort þau væru að segja rétt eða rangt frá. Það er mikilvægt að fullorðnir hlusti á spurningar barnanna og virði þær eins og þær kæmu frá fullorðnum. Myndskreytingarnar í bókunum örva hugsun barnanna og byggja upp sjálfstraust þeirra en þau hafa aðallega gaman að myndunum.

Sigrún Eldjárn leggur mikla áherslu á skemmtanagildi í myndskreytingum sínum. Myndirnar í bókinni sýna glaðar, skemmtilegar og lifandi persónur. Persóna Mosa í bókinni vekur áhuga barna á sögunni. Þegar er safnast saman til þess að hlusta á sögur er eðlilegt að þau verði ókyrr og hreyfi sig ef þeim finnst sagan sem þau heyra ekki spennandi. Persónuleiki Mosa gerir það að verkum að börnin sitja kyrr og hlusta

⁸⁷ Sigrún Eldjárn, 1989:6.

⁸⁸ Sigrún Eldjárn, 1998.

⁸⁹ Sigrún Eldjárn, 1989:25–27.

⁹⁰ Sigrún Eldjárn, 2009a.

spennt á söguna. Myndir Sigrúnar vekja líka mikinn áhuga, samspil mynda og texta í bókum hennar er mjög áhrifaríkt. Bækurnar efla ímyndunarafl barnanna og þær eru einnig mjög þroskandi fyrir þau.

Margar spurningar vakna í hugum barnanna við það að hlusta á sögurnar. Meirihluti spurninganna er um Mosa. Börnunum finnst óvenjuleiki sagnanna og yfirnáttúrulegir eiginleikar Mosa ekki svo fjarlægir; þeim finnst þetta allt saman vel mögulegt. Þau skilja oft ekki mörkin milli veruleika og skáldskapar.

Boðskapur og gildi Kuggsbókanna

Bækur Sigrúnar um Kugg og féлага innihalda mikinn boðskapur til barna. Hér að ofan hef ég nefnt að bækurnar hafa mikið fræðslugildi. Börnin fræðast um ýmislegt í menningu landsins. Í bókinni *Þorablót* fá þau að kynna þjóðlegum mat sem neytt er á þorra.⁹¹ Í *Gleðilegt sumar* er umfjöllunarefnið sumardagurinn fyrsti, þar kynna börnin hátíðarhöldunum en á myndunum sjá þau ýmis þjóðleg ták eins og íslenska fánann og lopapeysur.⁹²

Sá boðskapur sem er hvað fyrirferðamestur í bókunum er að maður eigi ekki dæma aðra ekki eftir útliti. Í *Málfríður og tölvuskrímslið* teiknar mamma Málfríðar skrímsli í tölvunni sem síðan lifnar við.⁹³ Skrímslið er mjög ófrítt og um leið og hópurinn sér það verða allir logandi hræddir. Það kemur hins vegar í ljós að skrímslið er alls ekkert vont eins og útlitið gefur til kynna. Annað svipað dæmi er úr *Kuggur 4 – prinsinn og drekin* en þar þurfa Kuggur, Mosi og mæðgurnar að eiga við eldspúandi dreka. Þvert á það sem fyrst kemur upp í hugann um eldspúandi dreka þá er hann ekki vondur inn við beinið og hann og Mosi verða vinir í lok sögunnar.⁹⁴

Börn tengjast hlutum oft tilfinningalegum böndum, þau finna til öryggis þegar þau hafa hluti hjá sér sem þau þekkja. Þetta geta verið sérstakir bangsar sem þau vilja hafa hjá sér þegar þau fara að sofa eða ákveðið teppi sem þau vilja hafa hjá sér í leikskólanum. Sigrún notar þetta talsvert í *Kuggur til sjávar og sveita (Kuggur 10 – útilega)* þar sem Málfríður týnir húfunni sinni sem hún metur mikils og verður mjög sorgmædd í kjölfarið.⁹⁵

⁹¹ Sigrún Eldjárn, 2005a.

⁹² Sigrún Eldjárn, 2008a.

⁹³ Sigrún Eldjárn, 1998.

⁹⁴ Sigrún Eldjárn, 2004d.

⁹⁵ Sigrún Eldjárn, 2009b.

Börn sem heyra söguna hafa samúð með Málfríði og skilja vel sorg hennar. Í sögunni endurheimtir Málfríður húfuna en boðskapurinn er engu að síður að börn geti tengst venjulegum hlutum á mjög djúpstæðan hátt.

Í nokkrum bókanna fjallar Sigrún um hegðun og hvernig fólk verður að passa sig og hafa hemil á sér í samskiptum við aðra. Í *Kuggur 8 – Draugagangur* ákveða mæðgurnar að hrekkja Kugg og klæða sig í draugabúninga og hræða úr honum líftórana. Þær lenda svo í vandræðum og þurfa á hjálp Kuggs að halda en hann er svo reiður út í þær vegna stríðninnar að hann neitar að hjálpa.⁹⁶ Börnin skilja að stríðni getur verið særandi þó að hún virðist saklaus í upphafi. Ég hef áður minnst á viðbrögð Málfríðar við gagnrýni í sögunni *Skordýraþjónusta Málfríðar* þar sem hún reynir að fá geitunga til að stinga fólk.⁹⁷ Mér finnst Sigrún vera að koma þeim skilaboðum til barna að hefna sín ekki eða fremja einhver illvirki þegar þeim er heitt í hamsi, heldur að róa sig niður áður en þau takast á við aðstæður sem hafa komið þeim í uppnám. Sigrún útskýrir þetta ekki í sögunni en lætur, að mínu mati, það eftir fullorðna lesandanum að útskýra fyrir börnunum að þessi hegðun sé ekki sæmandi.

Annar boðskapur sem er að mínu mati mikilvægur er að hafa gaman að lífinu og taka hlutina ekki of alvarlega. Í *Kuggur 6 – Jólaleg jól* lætur mamma Málfríðar Kugg og Málfríði skreyta sig eins og jólatré af því þau höfðu ekkert tré.⁹⁸ Þar sést að jafnvel fullorðnir geta brugðið á leik og fíflast með krökkunum.

Sigrún notar mikið af formum í myndskreytingum sínum. Þekkt form eins og hringir, ferningar, hjörtu, krossar og fleira koma oft fyrir. Í sögunni *Kuggur 3 – Geimferð* eru nánast allir hlutir á myndunum úr rúmfræðilegum formum, eldflaugin er til að mynda úr kassa, sívalningi og strýtu.⁹⁹ Börnin læra að þekkja þessi form og sjá þau allt í kring um sig.

Bækurnar geta kennt foreldrum að umgangast börn sín og vera vinir þeirra og þannig gert samverustundir þeirra ríkari. Mamma Málfríðar kennir foreldrum að það sé í lagi að fíflast og leika sér með börnunum ef þau gleyma ekki sínu uppeldishlutverki. Frá sjónarhóli barnanna getur þetta líka hjálpað þeim að sjá foreldra sína sem eitthvað annað en stjórnendur og uppældur og að samband þeirra geti verið, upp að vissu marki, vinasamband.

⁹⁶ Sigrún Eldjárn, 2008b.

⁹⁷ Sigrún Eldjárn, 1995.

⁹⁸ Sigrún Eldjárn, 2005b.

⁹⁹ Sigrún Eldjárn, 2004c.

Lokaorð

Í ritgerðinni minni fjalla ég um barnabækur. Góðar bækur hafa eignast sinn sess hjá börnum á leikskólum. Þannig geta börn frá tveggja ára aldri upp í sex ára valið sér bækur sem þeim finnast skemmtilegar.

Börnin hafa áhuga á bókum sem eru ekki erfiðar. Kápa með fallegum myndum vekur áhuga barnanna. Stórar myndskreytingar og stuttar setningar hjálpa þeim því að börn hafa gaman að því að skoða myndir í bókum. Þannig finnst mér þau skilja bækurnar betur. Í sögunum eiga að vera í mesta lagi þrjár til fjórar persónur til þess að rugla ekki börnin og til að hjálpa þeim að muna. Gott er að lýsa tilfinningum persónanna. Börnin hafa meiri áhuga á að fylgjast með þegar sögupersónur sýna mismunandi tilfinningar eins og reiði, sorg eða gleði.

Bækur vekja forvitni barna og hjálpa þeim að tjá sig. Flest öll börn hafa áhuga á bókum Sigrúnar. Hún teiknar sjálf fyrir börnin. Í myndunum notar hún bjarta liti eins og gulan, bláan, rauðan, hvítan og grænan. Hún forðast að nota dökka liti eins og svartan. Börnum líst vel á bjarta liti í bókum. Myndir Sigrúnar eru einnig sérstaklega lifandi.

Bækurnar um Kugg eru þær barnabækur Sigrúnar sem skrifaðar eru fyrir yngstu börnin. Þau börn eru ólæs og eru í leikskóla að undirbúa sig fyrir grunnskóla. Börnin læra af bókunum þegar fullorðnir lesa texta fyrir þau. Þau hlusta á skýringar fullorðna fólksins, horfa á myndirnar og ímynda sér það sem fram fer á sjálfstæðan hátt.

Börn ímynda sér mismunandi hluti og koma með mismunandi spurningar. Nauðsynlegt er að fullorðnir séu jákvæðir í garð barnanna. Forvitin börn spyrja spurninga um söguna því að bækur Sigrúnar hvetja þau til þess. Börn hafa tilfinningar og vilja virðingu og viðurkenningu fullorðinna. Mikilvægt er að börn og fullorðnir hafi góð samskipti sín á milli til þess að þeim líði vel og hafi gaman að samverunni.

Bækur Sigrúnar eru kraftmikil fræði handa börnum. Bækurnar kenna form, menningu, siðferði, tungumál og liti. Þetta er grunnur sem börn þurfa að þekkja og kunna að nota. Myndskreyting hefur það hlutverk að skreyta textann og lífga upp á hann. Góð mynd getur bætt við textann, verið fræðandi og vakið forvitni ásamt því að auka skemmtanagildi.

Hér í ritgerðinni minni hef ég fjallað mikið um verk Sigrúnar Eldjárn um Kugg en Sigrún hefur skrifað fjölmargar aðrar bækur sem ekki er fjallað um hér. Hún er frábær íslenskur höfundur með góða hugmyndafræði. Leikskólabörn græða mikið á því að hafa aðgang að verkum hennar.

Viðauki:

Bækurnar um Kugg og uppeldi barna frá 2 – 6 ára í leikskólanum

Nafn bókar	Siðferði	Menning	Náttúra
<i>Kuggur 1 – Nýir vinir</i>	Virðing, hjálpsemi, jafnrétti og vinátta		
<i>Kuggur 2 – Í sveitinni</i>		Torfbæir, orf notað til að slá gras, hrífa notuð til að snúa heyinu	Fjöllin, snjór og gras
<i>Kuggur 3 – Geimferð</i>			Vitsmunaproski barna, tákn og form tengd náttúrunni
<i>Kuggur 4 – Prinsinn og drekinn</i>	Góð samskipti, vinátta og hjálpsemi		
<i>Kuggur 5 – Þorablót</i>		Þjóðlegur matur	
<i>Kuggur 6 – Jólaleg jól</i>		Trúarlegar hefðir	

Nafn	Siðferði	Menning	Náttúra
<i>Kuggur 7 – Gleðilegt sumar!</i>	Að bera virðingu fyrir fána sem tákni lýðræðis	Þjóðlegt föt og sumarhátíð	
<i>Kuggur 8 – Draugagangur</i>	Umræða um illt og gott		
<i>Kuggur 9 – Blómkál</i>	Hlutverk foreldra í uppeldi	Grænmetisræktun	Virðing fyrir náttúru
<i>Kuggur 10 – Útilega</i>	Persónurnar glíma við tilfinningar sínar	Skotthúfan og þjóðbúningurinn	Kríuvarp og fuglalíf, fuglar verpa á Íslandi á sumrin
<i>Kuggur, Mosi og Mæðgurnar</i>	Umræða um illt og gott, hjálpssemi	Þjóðminjasafn sem svæði fróðleiks fyrir börnin. Lífið á Íslandi fyrir á öldum	Ólíkar árstíðir

Nafn	Siðferði	Menninga	Náttúran
<i>Skordýraþjónusta Málfríðar</i>	Reiði og hefnigirni. Börn verða að bera virðingu fyrir náttúrunni og öðrum		Pöddur, ormar, flugur og kóngulær.
<i>Málfríður og tölvuskrímslið</i>	Gildi góðra samskipta		

Heimildir

- Anna Heiða Pálsdóttir. 2005. Að skrifa inn í aldagamla hefð. Ævintýri í Sverðberanum og Frosnu tánum. *Börn og menning* 20:43.
- Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir. 2005. Barnabókaútgáfan. *Tímarit Máls og menningar* 66/2: 67-76.
- Aesop. 2009. *Wikipedia*. Sótt 19. maí 2009 af www.en.wikipedia.org/wiki/Aesop.
- Antoine Galland. 2009. *Wikipedia*. Sótt 10. júlí 2009 af www.en.wikipedia.org/wiki/Antoine_Galland.
- Aðalsteinn Ingólfsson. 1979. Ágrip af sögu íslenskrar grafíklistar. *Íslensk grafík'79. Sýningarskrá*. Reykjavík: LITBRÁ-offset, bls. 1.
- Brothers Grimm. 2009. *Wikipedia*. Sótt 19. maí 2009 af www.en.wikipedia.org/wiki/Brothers_Grimm.
- Eggert Ólafsson og Bjarni Pálsson. 1943. *Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar 1752–1757*. II bindi. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja H.F.
- Fantasy. 2009. *Wikipedia*. Sótt 22. september 2009 af <http://en.wikipedia.org/wiki/Fantasy>.
- Guðmundur Thorsteinsson. 1991. *Dimmalimm*. Reykjavík: Vaka-Helgafell.
- J. K. Rowling. 2009. *Wikipedia*. Sótt 19. maí 2009 af www.en.wikipedia.org/wiki/J._K._Rowling.
- J. R. R. Tolkien. 2009. *Wikipedia*. Sótt 19. maí 2009 af www.en.wikipedia.org/wiki/J._R._R._Tolkien.
- Hans Christian Andersen. 2009. *Wikipedia*. Sótt 19. maí 2009 af www.en.wikipedia.org/wiki/Hans_Christian_Andersen.
- Halldór Baldursson. 2009. *Halldorbaldursson.com*. Sótt 25. júlí 2009 af www.halldorbaldursson.com/1.
- Halldór Hermannsson. 1966. Book Illustration in Iceland. *Islandica XXIX* Bibliographical Notes. New York: Kraus Reprint Corporation, bls. 1-16.
- Halldór Guðmundsson. 1983. Ævintýri. Í Jakobi Benediktssyni (ritstj.), *Hugtök og heiti í bókmenntafræði*. Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands og Mál og menning, bls. 315–316.
- Hallfreður Örn Eiríksson. 1983. Ævintýri. Í Jakobi Benediktssyni (ritstj.), *Hugtök og heiti í bókmenntafræði*. Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands og Mál og menning, bls. 315.

- Handverkið. 2001. *Handritin heima*. Sótt 25. júlí 2009 af www.handritinheima.is/handritid/handverkid/handverk/handverkid.htm.
- Jean Piaget. 2009. *Wikipedia*. Sótt 28. september 2009 af http://en.wikipedia.org/wiki/Jean_Piaget.
- Jón Helgason. 1958. *Handritaspjall*. Reykjavík: Mál og menning.
- Margrét Tryggvadóttir. 1999. Yfirlit yfir útgáfu íslenskra myndabóka. Í Silju Aðalsteinsdóttur og Hildi Hermóðsdóttur (ritstj.), *Raddir barnabókanna, greinasafn*. Reykjavík: Mál og menning, bls. 40-49.
- Margrét Tryggvadóttir. 1999. Setið í kjöltunni. Í Silju Aðalsteinsdóttur og Hildi Hermóðsdóttur (ritstj.), *Raddir barnabókanna, greinasafn*. Reykjavík: Mál og menning, bls. 103–118.
- Margrét Tryggvadóttir. 2004. Heimar Sigrúnar, af krókófilum, geimverum, tímaflakki og hugsanablöðrum. *Tímarit Máls og menningar* 65/2: 69-77.
- Njörður P. Njarðvík. 1976. *Helgi skoðar heiminn*. Reykjavík: Fjóla.
- Sigrún Eldjárn. 1987. *Kuggur og fleiri fyrirbæri*. Reykjavík: Forlagið.
- Sigrún Eldjárn. 1988. *Kuggur til sjávar og sveita*. Reykjavík: Forlagið.
- Eldjárn. 1989. *Kuggur, Mosi og mæðgurnar*. Reykjavík: Forlagið.
- Eldjárn. 1995. *Skordýraþjónusta Málfríðar*. Reykjavík: Forlagið.
- Eldjárn. 1998. *Málfríður og tölvuskrímslið*. Reykjavík: Forlagið.
- Sigrún Eldjárn. 2004a. *Kuggur 1 – Nýir vinir*. Reykjavík: Mál og menning.
- Sigrún Eldjárn. 2004b. *Kuggur 2 – Í sveitinni*. Reykjavík: Mál og menning.
- Sigrún Eldjárn. 2004c. *Kuggur 3 – Geimferð*. Reykjavík: Mál og menning.
- Sigrún Eldjárn. 2004d. *Kuggur 4 – Prinsinn og drekin*. Reykjavík: Mál og menning.
- Sigrún Eldjárn. 2005a. *Kuggur 5 – Þorrablót*. Reykjavík: Mál og menning.
- Sigrún Eldjárn. 2005b. *Kuggur 6 – Jólaleg jól*. Reykjavík: Mál og menning.
- Sigrún Eldjárn. 2008a. *Kuggur 7 – Gleðilegt sumar!*. Reykjavík: Mál og menning.
- Sigrún Eldjárn. 2008b. *Kuggur 8 – Draugagangur*. Reykjavík: Mál og menning.
- Sigrún Eldjárn. 2009a. *Kuggur 9 – Blómkál*. Reykjavík: Mál og menning.

- Sigrún Eldjárn. 2009b. *Kuggur 10 – Útilega*. Reykjavík: Mál og menning.
- Sigrún Eldjárn. 2004. Leysti þetta í eitt skipti fyrir öll með skótauið. *Börn og menning* 19:24.
- Sigurjón Björnsson. 1989. *Formgerðir vitsmunalífsins, Kenningar Jean Piagets um vitsmunaproskann*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Silja Aðalsteinsdóttir. 1981. *Íslenskar barnabækur 1780–1979*. Reykjavík: Mál og menning.
- Silja Aðalsteinsdóttir. 1983. Barnabækur. Í Jakobi Benediktssyni (ritstj.), *Hugtök og heiti í bókmenntafræði*. Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands og Mál og menning, bls. 25-26.
- Silja Aðalsteinsdóttir. 1986. Íslenskar barnabækur 1980–1985. *Tímarit Máls og menningar* 47/3: 277-281.
- Silja Aðalsteinsdóttir. 1999. Íslenskar barnabækur, sögulegt yfirlit. Í Silju Aðalsteinsdóttur og Hildi Hermóðsdóttur (ritstj.), *Raddir barnabókanna, greinasafn*. Reykjavík: Mál og menning, bls. 9-35.
- Silja Aðalsteinsdóttir. 1999. Raddir barnabókanna, um frásagnartækni í barnabókum. Í Silju Aðalsteinsdóttur og Hildi Hermóðsdóttur (ritstj.), *Raddir barnabókanna, greinasafn*. Reykjavík: Mál og menning, bls. 80-100.
- Steindór Steindórsson. 1964. Bækur og myndir. 1. hluti. *Heima er bezt* 14:400.
- Steindór Steindórsson. 1965. Bækur og myndir. 3. hluti. *Heima er bezt* 15:15, 17.
- Úlfhildur Dagsdóttir. 2003. Sigrún Eldjárn. *Bókmenntavefurinn*. Sótt 15. júní 2009 af www.bokmenntir.is/hofundur.asp?cat_di=930&module_id=210m&element_id_1247&author_id=77&lang=1.
- Úlfhildur Dagsdóttir. 2003. Sigrún Eldjárn: Týndu augun. *Bókmenntavefurinn*. Sótt 15. júní 2009 af [www.bokmenntir.is/default.asp?cat_id=821#Sigrún Eldjárn:Týndu augun](http://www.bokmenntir.is/default.asp?cat_id=821#SigrúnEldjárn:Týndu%20augun).
- Úlfhildur Dagsdóttir. 2008. Af myndum og sögum, mynda-sögur og sögur í myndum. *Tímarit Máls og menningar* 69/2:18-29.
- Verðlaun og viðurkenningar Sigrúnar Eldjárn. 2003. *Bókmenntavefurinn*. Sótt 26. maí 2009 af www.bokmenntir.is/rithofundur.asp?cat_id=105&author_id=77&lang=1.
- Vilborg Dagsbjartsdóttir. 1976. *Alli Nalli og tunglið*. Reykjavík: Mál og menning.
- Þuríður Jóhannsdóttir. 2005. Textar sem tengja — um unglingsbækur ársins 2004. *Tímarit Máls og menningar* 66/2: 77–86.